

hefur verið stefnt fyrir landsyfirrjettinn samkvæmt L. 1—2—3 til að verja dóm sinn, þá ber að vísa máli þessu frá yfirdóminum ex officio, og fellur því málskostnaður fyrir honum niður.

Því dæmist rjett að vera:

Málinu vísast frá yfirdóminum og málskostnaður fyrir honum fellur niður.

Mánudaginn 29. septbrmán.

Nr. 15/1879

Hið opinbera

gegn

Agent Guðmundi Lambertsen.

Með dómi þeim, sem hjer er áfrýjað til yfirdómsins, gengnum á lögregluþingi Reykjavíkur kaupstaðar 14. júlímán. þ. á., er agent Guðmundur Lambertsen dæmdur í 6 króna sekt, helming til fátækra sjóðs og helming til fátækra fulltrúa Reykjavíkur kaupstaðar, og málskostnað fyrir það, að hann hafi tekið í bæ sinn Móhús hjer í umdæminu Gamaliel nokkurn Oddsson o. fl., án þess að þeir hefðu fengið leyfi fátækra stjórnarinnar til að setjast hjer að í tómt húsmennsku.

Hinn ákærði Guðmundur Lambertsen hefur kannazt við, að hann hafi fyrir krossmessu í vor leyft Gamaliel Oddssyni að flytja í bæ sinn Móhús, ef hann fengi leyfi til að setjast hjer að. Það virðist einnig nægilega ljóst af prófinu, að nefndur Gamaliel hafi setst að í Móhúsum sem tómt húsmáður, Ennfremur hefur hann játað, að hann hafi fyrir bænastað nafngreinds manns hjer í bænum leyft Guðrúnu nokkurri Hjálmarsdóttur, er hann ætlaði lausakonu, að flytjast í sama bæ.

Gamaliel og Guðrún hafa að vísu ekki verið látin skýra frá um hagi sína fyrir rjetti, en dómarinn,

sem er formaður fátækranefndar Reykjavíkur kaupstaðar, hefur tekið fram, að nefndar persónur sju hjer í óleyfi fátækrastrjórnarinnar, og verður yfirdómurinn því að álíta það nægilega sannað.

Með því það þannig er sannað, að ákærði hefur brotið gegn 13. gr. tilskip. 26. maímán. 1863, er hann af undirdómaranum rjettilega sektaður eptir nefndri lagagrein og virðist upphæð sektarinnar hæfilega ákveðin af honum 6 kr., eins og yfirdómurinn einnig felst á, að hann er dæmdur til að greiða málskostnað. Hvort ákærði einnig hafi brotið gegn öðrum fyrirmælum nefndrar tilskipunar með því að hýsa Guðrúnu, sem hann hugði lausakonunni, verður ekki gjört að álitum í þessu máli, því honum er ekki stefnt fyrir þá sök, enda hefur undirdómarinn ekki getið þessa atriðis í dómi sínum. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði hinn ákærði og þar á meðal málflytningslaun til sóknara og svaramanns, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins fyrir undirdóminum hefur verið vítalaus og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum lög-mæt.

Því dæmist rjett að vera:

Dómi undirrjettarins skal óraskað. Svo ber ákærða Guðmundi Lambertsen að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, og þar á meðal málflytningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málflytningsmannanna Páls Melsteðs og Jóns Jónssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Hið ídæmda greiðist innan 8 vikna frá því dómur þessi er löglega birtur og dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.